



Forsætisnefnd

**Fjárframlag Reykjavíkurborgar til stjórnmalasamtaka 2024.**

Skrifstofa borgarstjórnar hefur undirbúið útgreiðslu fjárframlags Reykjavíkurborgar til þeirra stjórnmalasamtaka sem fulltrúa eiga í borgarstjórn til samræmis við ákvæði laga nr. 162/2006 um starfsemi stjórnmalasamtaka.

**Fulltrúar í forsætisnefnd og/eða formenn borgarstjórnarflokka bera ábyrgð á því að rétt gögn berist skrifstofunni.** Skrifstofu borgarstjórnar þarf að berast bæði reikningur og erindi frá flokknum, sem er undirritað af formanni borgarstjórnarflokks og starfsmanni stjórnmalasamtakanna. Til hægðarauka hefur verið útbúið eyðublað til útfyllingar og undirritunar sem unnt er að nýta sér.

Gera þarf ráð fyrir ca. 10-15 daga afgreiðslutíma eftir að öll gögn berast skrifstofu borgarstjórnar og til að tryggja hraða og örugga afgreiðslu er vakin athygli á eftirfarandi:

1. Erindið þarf að vera undirritað af bæði formanni eða oddvita borgarstjórnarflokks og gjaldkera/starfsmanni.
2. Reikningur þarf að fylgja erindinu.
3. Bankareikningur þarf að vera á nafni stjórnmalasamtakanna.
4. Erindinu þarf að fylgja staðfesting ríkisendurskoðanda á því að stjórnmalasamtökin hafi uppfyllt skilyrði í samræmi við ákvæði 5. gr. a. laga númer 162/2006.

Virðingarfyllst,

Helga Björk Laxdal  
Skrifstofustjóri borgarstjórnar

Hjálagt:

Útreikningur á skiptingu í samræmi við hlutfall atkvæðamagns  
Beiðni um útgreiðslu – eyðublað